

Sumarstarf hjá Samgöngustofu á Ísafirði

Samgöngustofa leitar að sumarafleysingu í deild skipa og hafnaeftirlits með starfsstöð á Ísafirði. Helstu verkefni starfsins eru að taka við umsóknnum er varða skipsskírteini, frágangur gagna í skjalakerfi stofnunarinnar og reikningagerð. Einnig felst í starfinu símsvörun og almenn upplýsingagjöf til viðskiptavina. Starfshlutfall er 100%.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Gott vald á íslensku í rituðu og töluðu máli.
- Að geta og vilja læra á ný og sérhæfð forrit.
- Leitað er að einstaklingi sem er fær í mannlegum samskiptum og með ríka þjónustulund.
- Viðkomandi þarf að vera áreiðanlegur, jákvæður og vandvirkur.

Í boði er spennandi starf hjá metnaðarfullri stofnun í alþjóðlegu umhverfi. Við bjóðum uppá góða starfsaðstöðu og frábæra vinnufélaga.

Umsóknarfrestur er til 4. mars 2024.

Hægt er að sækja um starfið rafrænt á heimasíðu Starfatorgs.